

135. fundur

135. fundur í stjórn starfsmenntunarsjóðs starfsmanna stofnana Alþingis var haldinn miðvikudaginn 23. apríl 2025. Fundurinn var haldinn í húsnæði Alþingis, Vatnskoti, og hófst kl. 14:30. Mætt voru á fundinn Árni Davíð Magnússon, Ása Hulda Oddsdóttir, Helga Sigmundsdóttir og Svana Ingibergsdóttir. Árni Davíð er nýr í stjórninni og er kjörinn af félagi starfsmanna Alþingis. Árni Davíð er jafnframt nýr í stjórn og tekur við sem formaður stjórnar af Þórdísi Höddu Yngvadóttur. Stjórnin ákvað að Ása Hulda og Helga myndu halda óbreyttum hlutverkum. Á fundinum var jafnframt samþykkt að Árni Davíð myndi frá prókúru hjá Íslandsbanka til að geta greitt styrki úr sjóðnum.

Fyrir fundinum lágu 27 umsóknir, þar af voru 11 um starfsmenntunarstyrk, 15 um tómstundastyrk og ein vegna hópferða erlendis. Þar að auki var ein framhaldsumsókn.

Alls var samþykkt að greiða úr sjóðnum við úthlutun á 135. fundi:

- 1.785.316 kr. samtals, þar af:
 - 1.074.416 kr. í starfsmenntunarstyrki
 - 590.900 kr. í tómstundastyrki
 - 120.000 kr. í hópferðastyrki

Fjórum umsóknum var hafnað þar sem styrkur var fullnýttur en umsækjendur geta öll lagt inn nýja umsókn síðar á árinu. Þá var ein umsókn dregin til baka eftir fundinn.

Fundi slitið 16:20.